

LÖG

um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul. eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. apríl 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.